



7. febrúar 2019
1901069

Erling Jóhannesson
Forseti Bandalags íslenskra listamanna
Pósthólf 637,
121 Reykjavík.

Efni: Athugasemdir við listaverkaeign Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands hefur mótttekið bréf þitt, dagsett 21. janúar 2019, með ofangreindu efni. Í bréfinu kemur þú fyrir hönd Bandalags íslenskra listamanna á framfæri athugasemdum við það að verk Gunnlaugs Blöndal hafi verið tekið niður og komið fyrir í geymslum bankans.

Í bréfinu kemur þú einnig inn á faglega umsjón listaverka, aðgengi almennings að þeim, auk þess sem þú bryddar upp á því að verkum Seðlabankans verði komið í vörslu og umsjá Listasafns Íslands.

Þá óskar þú eftir því að Bandalag íslenskra listamanna fái upplýsingar um fjölda verka í safni bankans, hverjir séu höfundar verka og hvenær þau komu í eigu bankans. Listi yfir listaverk bankans fylgir hér með í öðru skjali.

Eins og ritstjóri bankans (Stefán Jóhann Stefánsson) nefndi við þig í símtali 25. janúar síðastliðinn hef ég áhuga á að eiga fund með þér og öðrum fulltrúum Bandalags íslenskra listamanna um efnið. Vonandi getur orðið af slíkum fundi fljótlega.

Í þessu svarbréfi vil ég hins vegar útskýra þá ákvörðun sem tekin var um tilfærslu á þeim listaverkum sem hér eru til umræðu. Það hefur kannski ekki komið nægilega skýrt fram að opinberar stofnanir hér á landi hafa fylgt þeim markmiðum sem sett hafa verið í lög og reglur að skreyta húsnæði með listaverkum. Þegar Seðlabanki Íslands var stofnaður árið 1961 hafði seðlabankastarfsemi um hrið verið hluti af eða í samfloti við Landsbanka Íslands. Segja má að Seðlabankinn hafi vaxið út úr Landsbankanum og fékk hann við skiptin listaverk sem hæfðu húsnæðinu sem Seðlabankinn nýtti með Landsbankanum. Þegar Seðlabankinn byggði eigið húsnæði var haft samráð við arkitekta og sérfróða einstaklinga til að skreyta veggi og rými í bankanum með listaverkum. Yfirleitt er um að ræða skrifstofur þar sem einn eða fleiri starfsmenn vistast í hverju sinni. Auk þess er lítill útigarður þar sem

listaverkum hefur verið komið fyrir. Fyrir kemur að breyta þarf herbergjaskipan vegna breyttrar starfsemi og starfsmannaskipta. Þá þarf oft að færa listaverk til, t.d. þegar veggir eru færðir, eða vegna óska starfsmanna. Fyrir getur komið í slíkum tilvikum að listaverk fari í tímabundna geymslu en það er þó ætíð lítill hluti verkanna sem slíkt háttar um. Eins og þér er örugglega kunnugt er ekki fátítt að meirihluti verka í eigu listasafna á hverjum tíma sé í geymslu. Þau tvö verk eftir Gunnlaug Blöndal sem hér um ræðir eru nú í slíkri tímabundinni geymslu en ákveðið hefur verið að sýna þau ásamt fleiri listaverkum í bankanum á Safnanótt á morgun, 8. febrúar. Þannig vill bankinn koma til móts við þá umræðu sem verið hefur í samfélaginu. Þá hefur almenningur aðgang að ýmsum listaverkum þegar myntsafn bankans er opið sem er hluta úr degi alla virka daga. Hins vegar er það með bankann eins og aðrar stofnanir að listaverkin eru oftast í vinnurýmum starfsmanna sem eru almennt ekki opin almenningi. Það hefur átt við um umrædd verk og þau því ekki verið í almannarými eins og fullyrt er í bréfi þínu. Bankinn hefur þó skipulagt fjölda heimsóknna starfshópa, námshópa og félagasamtaka í bankann og þá hefur gefist kostur á að skoða það sem fyrir augu ber í almannarýmum og vinnurýmum.

Á því máli sem hér um ræðir eru fleiri en ein hlið. Ein er sú sem þú nefnir í bréfinu og varðar list og mat á henni. Með því að færa til málverk Gunnlaugs Blöndal var Seðlabankinn ekki að leggja neitt listrænt mat á umrædd verk. Tilfærslan á málverkunum var tekin með hliðsjón af þó nokkrum ábendingum starfsmanna um vinnuumhverfi sitt. Þetta var í samræmi við stefnu Seðlabankans um einelti og áreitni og reglugerð velferðaráðuneytisins 1009/2015 sem kveður á um skyldu til viðbragða í tilfellum sem þessum. Einnig er rétt að benda á að Seðlabanki Íslands endurskoðaði jafnréttisáætlun sína á síðasta ári. Í tengslum við hana var leitað álits hjá Jafnréttisstofu um hvernig eðlilegt væri að bregðast við athugasemdum starfsmanna um truflandi myndefni sem hér tengist kynhlutverkum og jafnrétti kynjanna á vinnustað. Í nýju jafnréttisáætluninni er einmitt sérstaklega tekið á því hvað gera beri ef myndefni á veggjum í vinnurýmum starfsmanna er ekki talið vera í anda þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið. Þess vegna hefur verið ákveðið að tvær umræddar myndir verði ekki í framhaldinu á skrifstofum yfirmanna eða í almennum vinnurýmum starfsmanna. Þá hefur, eins og áður sagði, verið ákveðið að sýna þessar myndir á Safnanótt. Annað hefur ekki verið ákveðið að sinni.

Seðlabanki Íslands hefur með stefnu sinni og starfsemi stutt við listafólk í landinu og listsköpun með kaupum á listaverkum í gegnum tíðina og svo undanfarin ár með árlegum styrkveitingum úr sérstökum sjóði sem tengdur er nafni Jóhannesar Nordals. Eftir 2008 hefur bankinn nánast engin listaverk keypt. Þegar bankinn hefur keypt listaverk hefur hann oft og iðulega notið sérfræðiráðgjafar varðandi kaupin. Þá hefur bankinn nokkrum sinnum á síðustu árum fengið listfræðinga til að skoða safnið, vera til ráðgjafar um gæði verka og kynna þau fyrir starfsfólki. Listasafn Íslands og önnur helstu söfn þekkja safn Seðlabanka Íslands og hafa þó nokkrum sinnum fengið verk bankans lánuð til sýninga á söfnunum. Engin áform eru af hálfu Seðlabankans um að breyta um stefnu hvað það varðar.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri